

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 230/2024

2025/EES/9/02

frá 25. október 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/887 frá 22. mars 2024 um breytingu á IV., VIII. og IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar fôðrun dýra, setningu á markað og innflutning inn í Sambandið ⁽¹⁾.
- Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 0887**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/887 frá 22. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/887, 25.3.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/887, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/887, 25.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1228/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.